
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	83. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Föstudagur 28. nóvember 2003, kl. 13:00-14:30
Fundarstaður:	Landsvirkjun, Bústaðavegi
Fundarefni:	1) Breytingar vegna nýrra orkulaga. 2) Samantekt á stuðlum ársins 2002. 3) Gæði raforku. 4) Skýrsla Orkustofnunar um truflanir. 5) Vinna næsta árs. 6) Gögn ársins 2002 og staða skráningar. 7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Nils Gústavsson
Kristín Haralda Cecilsdóttir
Jakob Ólafsson
Pétur E. Þórrðarson
Steingrímur Jónsson
Egill Sigmundsson
Gunnar Haukur Gunnarsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Landsvirkjun:

Nils Gústavsson

- 1) JV sagðist hafa rætt við Helga Bjarnason í Iðnaðarráðuneytinu um að koma á fundinn og hefði hann ætlað að koma en forfallast á síðustu stundu. Ákveðið var að fá hann á næsta fund og athuga þá einnig með að fá Ívar hjá Orkustofnun á fundinn.
- 2) JV dreifði nýrri útgáfu af stuðlum um afhendingu raforku og sagði að öll gögn síðasta árs væru komin í skýrsluna. Fram kom að það vantað nokkuð af gögn frá Hitaveitu Suðurnesja fyrir árin 2000 og 2001. Samþykkt var að ákveða á næsta fundi hvaða stuðla hópurinn ætlar að mæla með.

- 3) JV dreifði töflum með kröfum til gæða raforku í háspennukerfi dreifiveitna sem byggja á töflum Landsvirkjunar um flutningskerfið og vinnuhópur START herfur útbúið (PEP, RSS og JV). Einnig dreifði hann nokkrum athugasemdum við töflur Landsvirkjunar.
- 4) JV sagðist hafa sent ÓP í morgun gögn síðustu ára fyrir allar veiturnar nema Norðurorku. ÓP sagðist mundu vinna að samantektinni á næstunni. ES spurði hvort gögn frá Suðurnesjum fyrir 2000 og 2001 gætu ekki komið inn í skýrsluna ef þau kæmu á næstu vikum. ÓP sagði að þau yrðu að koma fljótlega ef það ætti að vera mögulegt.
- 5) Rætt var um að vinna næsta árs yrði svipuð og á þessu ári og áhersla yrði sérstaklega á gæði raforku og kostnað vegna skorts. JV mun send áætlun.
- 6) Skráningu síðasta árs er lokið nema GHG á eftir að lagfæra skráningu út frá athugasemdum frá Afli.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn snemma í janúar og þá verður fjallað um gæðamál, breytingar á skráningu, hlutverk hópsins og skráningu annarra veitna.

Jón Vilhjálmsson